

Sp. 128. Tillaga til þingsályktunar [101. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda alþjóðasamninginn um takmarkað bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn.

(Lögð fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn í gufuhvolfinu, himingeimnum og neðansjár, sem gerður var í Moskvu hinn 25. júlí 1963.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samningurinn um takmarkað bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn var undirritaður fyrir Íslands hönd í London, Moskvu og Washington hinn 12. ágúst 1963. Samningurinn hefur nú verið fullgiltur af frumaðilum hans og gekk hann í gildi hinn 10. október 1963. Flest lönd heims hafa auk þess undirritað samninginn.

Gildistaka samningsins fyrir Ísland er háð fullgildingu og er hér farið fram á heimild Alþingis til þess að fullgilda samninginn.

Ekki er ástæða til þess að fjölyrða um efni samningsins eða gildi hans hér, en hann er prentaður sem fylgiskjal, ásamt íslenzkri þýðingu, með þingsályktunartillögu þessari.

Fylgiskjal.

Samningur um bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn í gufuhvolfinu, himingeimnum og neðansjávar.

Treaty Banning Nuclear Weapon Tests in Atmosphere, in Outer Space and Underwater.

FORMÁLI

Ríkisstjórnir Bandaríkja Ameríku, Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og Sovétríkjanna, sem hér eftir í samningi þessum eru nefndir frumaðilar sanningsins,

Lýsa yfir því, að höfuðmarkmið þeirra sé að koma á eins fljótt og hægt er samningi um almenna og algera afvopnun, sem sé háður ströngu alþjóðlegu eftirliti í samræmi við tilgang Sameinuðu þjóðanna, og muni binda enda á vígbúnaðarkapphlaupið og koma í veg fyrir áhuga á framleiðslu og tilraunir með alls konar vopn, þar á meðal kjarnorkuvopn,

Með það fyrir augum, að hætt verði við allar tilraunasprengingar með kjarnorkuvopn um alla eilífð og ákveðnir í að halda áfram samningum til þess að ná því markmiði, og til þess að koma í veg fyrir, að umhverfi manna verði eittrað með geislunarvirkum efnum,

Hafa þeir komið sér saman um eftirfarandi:

I. grein.

1. Sérhver aðili skuldbindur sig til að banna, koma í veg fyrir og framkvæma hvorki tilraunir með kjarnorkuvopn né aðrar kjarnorkusprengingar á sérhverju því svæði, sem er undir lögsögu hans eða yfirlráðum:

A. Í gufuhvolfinu, þar fyrir ofan og þar á meðal í himingeimnum, neðansjávar, þar með talið landhelgin og úthafið; eða

B. Alls staðar annars staðar, ef slíkar sprengingar hafa í för með sér, að geislunarvirkt efni komist út fyrir landhelgistakmörk þess ríkis, sem lögsögu hefur á og yfirlráð yfir svæði því, sem sprengingin var gerð á. Í þessu sambandi eru sanningsaðilar ásáttir um, að orðalag þessarar málsgreinar hefur engin áhrif á sanningsgerð um að banna um alla tíð allar tilraunir með kjarnorkuvopn, þar á meðal

PREAMBLE

The governments of the United States of America, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, and the Union of Soviet Socialist Republics, hereinafter referred to as the "original parties,"

Proclaiming as their principal aim the speediest possible achievement of an agreement on general and complete disarmament under strict international control in accordance with the objectives of the United Nations which would put an end to the armaments race and eliminate the incentive to the production and testing of all kinds of weapons, including nuclear weapons,

Seeking to achieve the discontinuance of all test explosions of nuclear weapons for all time, determined to continue negotiations to this end, and desiring to put an end to the contamination of man's environment by radio-active substances,

Have agreed as follows:

Article I

1. Each of the parties to this treaty undertakes to prohibit, to prevent, and not to carry out any nuclear weapon test explosion, or any other nuclear explosion at any place under its jurisdiction or control:

A. In the atmosphere, beyond its limits, including outer space, or underwater, including territorial waters or high seas; or

B. In any other environment if such explosion causes radioactive debris to be present outside the territorial limits of the state under whose jurisdiction or control such explosion is conducted. It is understood in this connection that the provisions of this subparagraph are without prejudice to the conclusion of a treaty resulting in the permanent banning of all nuclear test explosions, including

allar slíkar neðanjarðarsprengingar, og eru samningsaðilar, eins og kom fram í formála, ásáttir um að vinna að gerð slíks samnings.

2. Hver aðili skuldbindur sig enn fremur til þess að valda hvorki né hafa áhrif á eða taka að nokkru þátt í tilraunasprengingum með kjarnorkuvopn, eða hvers konar kjarnorkuvopnasprengingu, hvar sem hún kann að verða framkvæmd á svæðum þeim, sem um er getið, eða hafa þau áhrif, sem getið er í 1. málsgrein þessarar greinar.

II. grein.

1. Sérhver aðili getur borið fram tillögur til breytingar á samningi þessum. Orðalag sérhverrar breytingartillögu ber að tilkynna vörzlurikjum samningsins, sem munu láta alla aðra aðila vita um það. Síðan ber vörzlurikjum samningsins, ef að minnsta kosti einn þriðji hluti aðila óskar þess, að kalla saman ráðstefnu, og bjóða til hennar öllum samningsaðilum, til þess að athuga breytingartillöguna.

2. Meiri hluta atkvæða aðila, þar á meðal atkvæði allra frumaðila samningsins þarf til þess að samþykkja nokkra breytingu á samningi þessum. Breytingin gengur í gildi fyrir alla samningsaðila við afhendingu fullgildingarskjala meiri hluta aðila, þar með talin fullgildingarskjöl allra frumaðila samningsins.

III. grein.

1. Öllum ríkjum skal heimilt að undirrita samning þennan. Sérhvert ríki, sem undirritar ekki samninginn fyrir gildistöku hans í samræmi við 3. málsgrein þessarar greinar, getur hvenær sem er gerzt aðili að honum.

2. Samningur þessi er háður fullgildingunni þeirra ríkja, sem undirrita hann. Fullgildingar- og aðildarskjöl ber að afhenda ríkisstjórnnum frumaðila — Bandaríkja Ameríku, Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og Sovétríkjanna, sem hér með eru tilnefnd til þess að vera vörzluríki samningsins.

all such explosions underground, the conclusions of which, as the parties have stated in the preamble to this treaty, they seek to achieve.

2. Each of the parties to this treaty undertakes furthermore to refrain from causing, encouraging, or in any way participating in, the carrying out of any nuclear weapon test explosion, or any other nuclear explosion, anywhere which would take place in any of the environments described, or have the effect referred to in paragraph I of this article.

Article II

1. Any party may propose amendments to this treaty. The text of any proposed amendment shall be submitted to the depositary governments which shall circulate it to all parties to this treaty. Thereafter, if requested to do so by one-third or more of the parties, the depositary governments shall convene a conference, to which they shall invite all the parties, to consider such amendment.

2. Any amendment to this treaty must be approved by a majority of the votes of all the parties to this treaty, including the votes of all of the original parties. The amendment shall enter into force for all parties upon the deposit of instruments of ratification by a majority of all the parties, including the instruments of ratification of all of the original parties.

Article III

1. This treaty shall be open to all states for signature. Any state which does not sign this treaty before its entry into force in accordance with paragraph 3 of this article may accede to it at any time.

2. This treaty shall be subject to ratification by signatory states. Instruments of ratification and instruments of accession shall be deposited with the governments of the original parties — The United States of America, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, and the Union of Soviet Socialist Republics — which are hereby designed the depositary governments.

3. Samningur þessi gengur í gildi, þegar frumaðilar sammingsins hafa fullgilt hann og afhent fullgildingarskjöl sín.

4. Samningurinn gengur í gildi, að því er varðar ríki, sem afhenda fullgildingar- eða aðildarskjöl eftir gildistöku hans, á þeim degi, er fullgildingar- eða aðildarskjalið var afhent.

5. Vörzluríkjunum ber án tafar að tilkynna öllum ríkjum, sem undirritað hafa eða gerzt aðilar að samningnum, um dagsetningu hvernar undirskriftar, og á hvaða degi sérhver afhending fullgildingar eða aðildarskjals fer fram. Einnig um dagsetningu sérhvernar gildistöku og hvenær sérhver beiðni um að halda skuli ráðstefnu berst, og hvenær aðrar tilkynningar berast.

6. Vörzluríkjunum ber að skrásetja samning þennan í samræmi við 102. grein Sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

IV. grein.

Samningur þessi gildir um ótakmarkaðan tíma.

Sérhver aðili hefur samkvæmt sjálfsákvörðunarrétti heimild til þess að segja sig úr samningnum, ef hann álitur, að sérstakir atburðir, sem varða samning þennan, hafi ógnað æðstu hagsmunum ríkis hans. Ber honum að tilkynna slíka úrsögn öðrum aðilum með þriggja mánaða fyrirvara.

V. grein.

Samningur þessi er gerður á ensku og rússnesku og skulu báðir textar jafngildir. Samninginn ber að geyma í skjalasafni vörzluríkja. Vörzluríkjunum ber að senda staðfest eftirrit sammingsins til ríkisstjórna þeirra landa, sem undirrita hann eða gerast aðilar að honum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullgilda heimild, undirritað samning þennan.

Gjört í þremur eintökum í Moskvu hinn 25. júlí árið níttján hundruð sextíu og þrjú.

3. This treaty shall enter into force after its ratification by all the original parties and the deposit of their instruments of ratification.

4. For states whose instruments of ratification or accession are deposited subsequent to the entry into force of this treaty, it shall enter into force on the date of the deposit of their instruments of ratification or accession.

5. The depositary governments shall promptly inform all signatory and acceding states of the date of each signature, the date of deposit of each instrument of ratification of and accession to this treaty, the date of its entry into force, and the date of receipt of any requests for conferences or other notices.

6. This treaty shall be registered by the depositary governments pursuant to article 102 of the Charter of the United Nations.

Article IV

This treaty shall be of unlimited duration.

Each party shall in exercising its national sovereignty have the right to withdraw from the treaty if it decides that extraordinary events, related to the subject matter of this treaty, have jeopardized the supreme interests of its country. It shall give notice of such withdrawal to all other parties to the treaty three months in advance.

Article V

This treaty, of which the English and Russian texts are equally authentic, shall be deposited in the archives of the depositary governments. Duly certified copies of this treaty shall be transmitted by the depositary governments to the governments of the signatory and acceding states.

In witness whereof the undersigned, duly authorized, have signed this treaty.

Done in triplicate at Moscow, this 25th day of July, one thousand nine-hundred and sixty-three.